

Bæjarból - Foreldrafélagsfundur 12. apríl 2018

Mættir: Anna leikskólastjóri, Fríða formaður, Fjóla gjaldkeri, Edda ritari og Áslaug meðstjórnandi.

- Kökubasar 27. apríl, eigum við að halda áfram með sama fyrirkomulagið. Opna húsið er frá kl. 15 – 16.30. Ákveðið að breyta til og panta kökur hjá Myllunni og bjóða frekar í kaffi. Fríða fer í Costco og kaupir smákökur, glös, servéttur og blanddjús. Edda pantar 3 rammakökur hjá Myllunni, 80 bita kökur og sækir þær og kemur þeim í leikskólann.
- Hvernig eigum við að hafa fyrirkomulagið á opna húsinu. Sett verður færsla á facebook og kannað hvernig við eigum að skipta okkur niður. Eitt holl ca. kl. 14.30-15.30 og hitt frá ca. kl. 15.30-16.30.
- Leikskólinn á eitt grill og það er gott að fá eitt aukagrill. Fulltrúar í foreldrafélaginu athuga hvort einhver geti mætt með grill.
- Foreldrafélagið vill gjarnan kaupa eitthvað fyrir leikskólann. Hjól og eitthvað nýtt dót fyrir salinn og hreyfistundirnar næsta vetur.
- 30. maí er vorhátíð leikskólans. Hún byrjar kl. 15.00, það verður grill, hestar og Sirkus Íslands með atriði. Starfsmenn leikskólans sjá um að skipuleggja hestaröðina þannig að það sé vel haldið utan um þetta. Athuga með að hafa stöð úti þar sem börnin geta teiknað. Börnin fá gefins sápukúlur í upphafi vorhátíðarinnar og geta þá leikið með það ef þau þurfa að bíða mikið. Hver ætlar að kaupa sápukúlurnar?
- Útskrift elstu barnanna verður sama dag og vorhátíðin. Útskriftin er kl. 14.30.
- Hugmynd að skipuleggja einhvern viðburð utan leikskólatíma og fá foreldra til að hittast, t.d. sundferð, ferð á vegum Ferðafélags barnanna, viðburðir á vegum bókasafnsins eða eitthvað annað. Góð leið til að fá foreldra til að kynnast.
- Ýmis önnur mál rædd varðandi skiptingu barnahópsins og skipulagsbreytingar innanhús.

Ritari Edda Guðrún Valdimarsdóttir